

Skólaráðsfundur mánudaginn 9. mars 2020

Á fundinn mættu Sólveig Jónsdóttir skólastjóri, Sigríður Sigmundsdóttir fulltrúar kennara, Brynja Ingólfssdóttir fulltrúi annarra starfsmanna skólans, Bergþóra Kristjánsdóttir fulltrúi foreldra, Þórdís Jónsdóttir fulltrúi nærsamfélagsins og Anna Marý Yngvadóttir og Margrét Ósk Kristjánsdóttir fulltrúar nemenda. Hulda Björk Marteinsdóttir fulltrúi foreldra boðaði veikindi. Auður Jónsdóttir fulltrúi kennara var í leyfi.

Skólastjóri setti fund og bauð alla velkoma.

1. Starfslýsing skólastjóra

Skólastjóri fór yfir starfslýsingu hans og útskýrði einstök atriði. Skólaráðsfulltrúar komu ekki með neinar athugasemdir.

2. Innra mat

Könnun á líðan nemenda. Sigríður fór yfir niðurstöður könnunarinnar og var hún rædd. Tillaga kom um að breyta aðeins orðalagi nokkurra spurninga t.d. að nota ekki „yfirleitt“ heldur „oftast“. Einnig að breyta orðalagi síðustu spurningarinnar. Þetta verður allt tekið til skoðunar.

Í gangi er könnun foreldra um líðan barna þeirra.

3. Skóladagatal 2020 - 2021

Skólastjóri fór yfir dagatalið og sagði frá þeirri breytingu að ekki verði settir inn sérstakir námsmats dagar í það en það þýði þó ekki að ekki verði einhvers konar námsmat að hausti og vori. Skóli mun hefjast 24. ágúst og skólalok munu verða 31. maí 2021.

4. Samstarf heimilis og skóla

Skólastjóri fór aðeins yfir fundargerð frá fundi þann 11. febrúar með foreldrum og starfsfólki skólans. Fundargerðin er á heimasíðu Reykjahlíðarskóla, [sjá link](#)

5. Verkáætlun ágreiningsmála

Umræða varð um verklagsreglur en ákveðið að fresta því til næsta fundar.

6. Önnur mál

Fyrirspurn kom frá nemendum um það hvort skóli yrði lengdur í vor ef til kæmi að skóla yrði lokað vegna kórónuveirunnar. Skólastjóri sagði að það væri mjög ólíklegt því erfitt væri að koma því við.

Þeir spurðu einnig um hvort Finnlandsferð í vor yrði frestað eða felld niður.

Skólastjóri sagði að ekki væri komið að því að taka ákvörðun vegna þess.

Nemendur spurðu einnig hver staðan væri á meiri kynfræðslu hjá unglingunum.

Sólveig svaraði því til að Dagbjört Bjarnadóttir skólahjúkrunarfræðingur ætlaði að hafa hana og fá skólahjúkrunarfræðinginn á Húsavík með.

Nemendur spurðu einnig hvort tölvutímar og áhugasviðsverkefnistímar yrðu ekki áfram næsta skólaár. Sólveig sagði að það væri líklegt.

Umræða varð um breytinguna sem orðin er á tilhögun matartímanna, þar sem allur matur er skammtaður.

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið.

Sigríður Sigmundsdóttir ritari.